

Þrautseigar og þora!

Áhrif kvennabarattu víða um Rómönsku-Ameríku

Inngangur

Barátta mið- og suður-amerískra kvenna fyrir ákvörðunarrétti yfir eigin örlogum er ágætlega þekkt frá þeim tíma sem Evrópumenn hertóku álfuna á 16. öld. Sem dæmi má nefna að í sagnaljóðinu *La Araucana* eftir Alonso de Ercilla y Zúñiga, sem út kom á Spáni árin 1569, 1578 og 1589, er sögð sagan af hernámi Spánverja á því landi sem í dag kallast Síle.¹ Frumbyggjar landsvæðisins sem um er fjallað voru Arákar og viðnámi þeirra, andspyrnu og síðar útrýmingu er nákvæmlega lýst. Á síðustu árum hafa þeir kaflar (s. *cantos*) sem segja frá virkri þátttöku kvenna í vopnuðum átökum og andspyrnu frumbyggja vakið sérstaka athygli.² Höfundur lýsir samheldnum hópi líkamlega sterkra og slóttugra kvenna sem eru í senn útsjónarsamar og hugaðar í varnarbaráttu sinni. Sjónarhorn höfundar gefur til kynna óttablandna virðingu og undrun, ásamt þeirri staðföstu trú að innrásarliðinu beri að brjóta frumbyggja á bak aftur og helst útrýma öllum þeirra ættlegg.³

Í einu sögubókinni sem til er um málefni álfunnar á íslensku til þessa, *Þettir úr sögu Rómönsku-Ameríku* (1976),⁴ bendir höfundurinn, Sigurður

¹ Alonso de Ercilla y Zúñiga, *La Araucana*, ritstjóri Isaiás Lerner. Madrid: Cátedra. Letras Hispánicas, 1993. Verkið telur einar 8-900 síður og kom út í þremur hlutum. Arákar eru frumbyggjar af ættbálki Mapuche indíána.

² Sjá inngang Isaiás Lerner hjá Cátedra útgáfunni (bls. 32–33) og umfjöllun Cedomil Goic um birtingarmyndir kvenna í verkinu. „*La Araucana* de Alonso de Ercilla; unidad y diversidad“, 2006, Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://biblioteca.org.ar/libros/134176.pdf>.

³ Ercilla dvaldi í Nýja heiminum svokallaða á árunum 1556 til 1563.

⁴ Sigurður Hjartarson, *Þettir úr sögu Rómönsku Ameríku*, Reykjavík: Mál og menning, 1976.



Hjartarson, á að „[í] kjölfar Kólumbusar hafi komið til álfunnar mikill fjöldi ævintýramanna sem freista vildi gæfunnar“⁵ og að nýja embættismannakerfinu var ætlað „að varðveita lög og reglu“⁶ að evrópskri fyrirmynd. Valdaelítan var skipuð körlum, ungum evrópskum körlum, sem tóku sér frumbyggjakonur til brúks og þræla til eignar. Til viðbótar við arðrán auðlinda og yfirtöku lands var eitt helsta markmið þeirra að kristna íbúa álfunnar. Kennisetning kaþólsku kirkjunnar mótaði þannig smám saman grunnstef allra samfélagslegra viðmiða, viðhorfa, menningar og hugmynda um hlýðni, undirgefni og trú á velgjörð og boðvald feðraveldisins. Skilningur „hinna hvítu herra“⁷ á kristilegu siðgæði laut að því að konur væru óæðri körlum, þær væru eign föður, bróður eða eiginmanns, nytu ekki eigin réttinda og að hlutverk þeirra væri að þjóna.⁸ Uppruni íbúanna, kynstofn og kynferði réð því frá upphafi sagnaritunar í Rómönsku-Ameríku úrslitum um aðgengi að gögnum og gæðum samfélagsins. Sú stéttskipting festist í sessi að afkomendur Evrópumanna sátu að kjötkötlunum, en frumbyggjar hokruðu á jaðrinum og lápu dauðann úr skel.

Argentínska fræðikonan María Lugones rekur í grein sinni „Toward a Decolonial Feminism“ afleiðingar þess að hernámsliðið vann skipulega að afmennskun frumbyggja álfunnar.⁹ Árásargjarni villimaðurinn var indíánskur karlmaður; konurnar ósamboðin kynferðisleg viðföng og þjónar, sem þó sátu skör ofar en karlarnir.¹⁰ Þegar nýlendufyrirkomulagið festist í sessi fóru landstjórar og aðrir yfirmenn að kalla eftir eiginkonum og dætrum yfir hafið. Fjölmargar fræði- og skáldkonur álfunnar hafa á undanförunum áratugum beint sjónum að hlutverki þessara kvenna og verksviði – eða skorti þar á.¹¹ Sumar hafa fjallað um stöðu þeirra af samúð, aðrar af skilningi á tíðaranda

⁵ Sama rit, bls. 55.

⁶ Sama rit, bls. 60.

⁷ Sama rit, bls. 61.

⁸ Ana Laura Martín og Adriana María Valobra, *Dora Barrancos. Devenir feminista. Una trayectoria político-intelectual*, Buenos Aires: CLASCO, 2020. Sjá einnig pistil á Hugrás <https://hugras.is/2015/11/kynthattastefna-og-radandi-ahrif-darwins/>.

⁹ María Lugones, „Toward a Decolonial Feminism“, *Hyapatia*, 25: 4/2010, bls. 742–759.

¹⁰ Sjá skrif Domingo Faustino Sarmiento (1811–1888), forseta Argentínu frá 1868 til 1874, í *Conflicto y armonías de las razas en América*, Buenos Aires: Biblioteca Quiroga Sarmiento, 2007 [1883], *Inmigración y colonización*, Buenos Aires: Universidad Nacional de la Matanza, 2001 [1899] og *Facundo. Civilización y barbarie*, Buenos Aires: Biblioteca del Congreso de la Nación, 2018 [1845].

¹¹ Dora Barrancos, *Mujeres en la sociedad argentina. Una historia de cinco siglos*, Buenos Aires: Ed. Sudamericana, 2007. Sjá einnig gagnabanka þjóðarþóklöðu Síle. Sótt þann 28. ágúst af <https://www.archivonacional.gob.cl/galeria/mujeres-en-la-colonia>.

og aðstæðum á meðan enn aðrar hafa beint beittri gagnrýni að allt umlykjandi hjartökum karla, afkomendum hvítra Evrópumanna, á öllum sviðum samfélagsins.¹² Hugmyndir kaþólsku kirkjunnar réðu miklu um þann stakk sem konum var sniðinn. Hin dyggðuga, kyrrláta og undirgefna kona sem setur þarfir og langanir annarra á oddinn og væntir hvorki né krefst nokkurs til handa sér sjálfri var ráðandi viðmið. Ímynd hinnar bljúgu fórnfúsu meyjar varð sú fyrirmynd sem ungum konum bar að fylgja. Fast mótuð darvínsk stéttaskipting sem byggði á hugmyndum um yfirburði hvítra karla rígfestist þannig í sessi á 17. og 18. öld.¹³

Til að skilja enn betur sögu og aðstæður kvenna í Rómönsku-Ameríku og kröftuga viðspyrnu karla við kröfum þeirra um aukið pláss innan samfélagsgerðarinnar sem var í mótum er ekki úr vegi að þekkja hugtökin „machismo“ og „marianismo“ sem gjarnan ber á góma þegar vísað er til hlutverka karla og kvenna í hinum spænskumælandi heimi. Annars vegar er áherslan á yfirburðastöðu karla vegna líkamsburða þeirra og áræðis og hins vegar til þjónustulundar, lítillætis og fórnfýsi kvenmanna.¹⁴ Að auki vísar fyrra hugtakið til fyrirvinnuhlutverks föður innan fjölskyldunnar og til þess sem tekur ákvarðanir og stjórnar, án þess þó að taka þátt í daglegum athöfnum innan veggja heimilisins.¹⁵ Á hinum enda ássins, benda Karen Englander og samstarfsfólk hennar á, eru heiðvirðar, hlýðnar og hljóðlátar eiginkonur, systur og dætur. Einkalífið er þeirra umráðasvæði á meðan opinbert líf tilheyrir körlunum.¹⁶ Þýska fræðikonan Barbara Potthast bendir á það í bók sinni *Madres, obreras, amantes ...* (2010) að einungis 10% þeirra kvenna sem fylgdu spænska innrásarliðinu voru ókvæntar.¹⁷ Hinar voru bundnar fjölskylduböndum og þeirra var að viðhalda spænskum og/eða evrópskum hefð-

¹² Marta Lamas, *Dimensiones de la diferencia*. Buenos Aires: CLASCO, 2022. Sjá einnig skýrslu CEPAL, *Etnicidad, „raza“ y equidad en América Latina*. 2000. Sótt þann 28. ágúst 2022 af https://repositorio.cepal.org/bitstream/handle/11362/31450/S008674_es.pdf?sequ, hér af bls. 4–15.

¹³ Á spænsku er talað um „darwinismo social“, sjá skýrslu CEPAL, bls. 19.

¹⁴ Lineke Stobbe, „Doing Machismo. Legitimizing Speech Acts as a Selection Discourse“, *Gender Work & Organization*, 12: 2/2005, bls. 105–123, hér af bls. 110.

¹⁵ Yolanda Mayo, „Machismo, Fatherhood and the Latino Family“, *Journal of Multicultural Social Work*, 1997, vol. 5 (1/2), bls. 49–61, hér af bls. 51.

¹⁶ Karen Englander, Carmen Yañez og Xochiti Barney, „Doing science within culture of machismo and marianismo“, *Journal of International Women's Studies*, 13: 3/2012, bls. 65–85, hér af bls. 69.

¹⁷ Barbara Potthast, *Madres, obreras, amantes... Protagonismo femenino en la historia de América Latina*, þýðandi Jorge Luis Acanda, Madrid: Iberoamericana-Vervuert, 2010 [2003], hér af bls. 59.

um, venjum, viðhorfum og gildum, og því að kenna og þjálfra frumbyggjakonur í innfluttum lifnaðarháttum. Valdaleysi kvenna var að auki kyrfilega fest í sessi með því sem kallað var „patria potestad“, en í því fólst fullt vald karla yfir ættlegg sínum, svo sem menntun barna, starfsvali sona, makavali dætra og búsetu.¹⁸ Karlar voru lögráða þjóðfélagsþegnar, nutu menntunar og þjónuðu í herjum, stjórnnum og ráðum.¹⁹ Konur báru og ólu upp börn, og þjónuðu á heimilum. Einstaka konur unnu sem verkstjórar innanhúsmála á stórbýlum, aðrar gengu í klaustur. Ein þeirra var spænsk/mexíkóska nunnan og ljóðskáldið Sor Juana Inés de la Cruz (1648–1695) sem braut blað þegar hún hóf málsvörn sína gegn kirkju- og karlveldi samtíma síns.²⁰ Í grein í *Lesbók Morgunblaðsins*, frá 2004, segir um hana: „Hún ávitti karla fyrir að upphefja ímynd hinnar fögru, viðkvæmu og veikburða konu á sama tíma og þeir ætluðust til að þær fæddu þeim sem flest börn og ynnu öll erfiðisverk.“²¹ Sor Juana fjallað ítrekað um rétt kvenna til menntunar, það er að þær fengju að njóta eigin hæfileika og gáfna. Fræðikonan Rosa Perelmuter hefur meðal annars bent á að ástæða þess að Sor Juana var dæmd frá aðgengi að bókasafni klaustursins þar sem hún dvaldi sé sönnun þess óréttlætis og útskúfunar sem viðgengst gagnvart konum og þeirrar undirokunar sem þær bjuggu við á öllum sviðum.²²

Hér á eftir verður sjónum beint að baráttu kvenna fyrir auknum lýðréttingum í kjölfar þess að flest þau lönd sem mynda spænskumælandi Rómönsku-Ameríku öðluðust sjálfstæði við upphaf 19. aldar. Stiklað er á stóru og flest dæmin sótt til fjölmennari samfélaga álfunnar, þ.e. Argentínu, Mexíkó og Síle, samhliða því að umræðan er leidd að málefnum samtímans. Hlutverki samtakamáttar og áhrifa fjöldahreyfinga kvenna er veitt sérstök

¹⁸ Sjá umfjöllun Barböru Potthast, bls. 75 og skilgreiningar sóttar þann 28. ágúst 2022 af <https://www.conceptosjuridicos.com/us/patria-potestad/>.

¹⁹ Lineke Stobbe vekur athygli á því að almennt hafi verið samþykkt að karlmenn stunduðu framhjáald, enda sú goðsögn útbreidd að í Argentínu væru sex konur á hvern karl og sú hegðun því ásættanleg. „Doing Machismo. Legitimizing Speech Acts as a Selection Discourse“, bls. 111.

²⁰ José Carlos González Boixo, „Introducción“, *Sor Juana Inés de la Cruz: Poesía lírica*, Madrid: Cátedra, 1996, bls. 9–63, hér af bls. 56 og 58.

²¹ Úr grein höfundar „Með potta, orð og tillögur að vopni. Frá sjónarhóli kvenna. Bókmenntir Rómönsku-Ameríku“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 17. júlí 2004. Þar er einnig að finna umfjöllun um fleiri skáldkonur álfunnar. Sótt þann 28. ágúst af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/809161/>. Sjá einnig grein höfundar „Af öryggi og áræði. Samtímabókmenntir kvenna í Rómönsku-Ameríku“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 24. júlí 2004. Sótt þann 28. ágúst af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/810194/>.

²² Rosa Perelmuter, *Los límites de la femineidad en Sor Juana Inés de la Cruz*, Madrid: Iberoamericana, 2004.

athygli, auk baráttu þeirra til að ákvarða um eigin velferð og öðlast lögráða-
rétt yfir eigin lífi og líkama.

Umrót í kjölfar sjálfstæðis

Til að setja baráttu kvenna í samhengi verður að segjast að í kjölfar sjálf-
stæðis landa Rómönsku-Ameríku, á árunum 1810-1820, fór lengst af lítið
fyrir umfjöllun um þær á síðum sögubóka álfunnar.²³ Um samfélög í mótun
var að ræða. Margþætt menningarleg og upprunatengd blöndun (s. *mesti-
zaje*) var hafin og hefur nú staðið yfir í hundruð ára. En þrátt fyrir það var
staða kvenna enn með svipuðum hætti og að framan er lýst, jafnvel þótt
lengst af hafi borið á hvössum gagnrýnisróddum. Á tímum sjálfstæðisbarátt-
unnar við upphaf 19. aldar óx konum ásmegin. Gerjun átti sér stað meðal
menntakvenna enda höfðu þær aðgengi að fræðaskrifum og fjölmiðlum –
hvort heldur var frá Bandaríkjunum eða Evrópu. Grundvallarrit um auknar
lýðræðiskröfur og mannréttindi voru þýdd og konur komu saman til að
máta þær hugmyndir við eigið umhverfi og aðstæður. En vissulega voru
ólík sjónarmið ráðandi og samtímis því að karlveldið fíleflidist og gætti þess
að gefa sem minnst eftir tóku yfirstéttarkonur víða þátt í því að viðhalda
forréttindum stéttar sinnar með hagsmunatengdum hjónaböndum. Dreif-
býlis- og bændakonur ræktuðu áfram jörðina, lágstéttarkonur þrifu, elduðu,
þvoðu og strajuðu, svo það voru menntaðar millistéttarkonur sem spurðu
spurninga, ígrunduðu samfélagsgerðir og greindu aðstæður.²⁴ Þess vegna má
með sanni halda því fram að þær hafi ráðið úrslitum um að haldið hafi verið
uppi öflugri baráttu fyrir auknum réttindum og bættum kjörum kvenna.

Um samtakamátt kvenna í Rómönsku-Ameríku heyrðist þó fátt á opin-
berum vettvangi fyrr en í því sem kallað hefur verið Þrefalda samstöðustr-
íðið (s. *La guerra de Triple Alianza*) sem háð var um smárikið Paragvæ á ár-
unum 1864 til 1870. Þá bundust Brasilía, Argentína og Úrúgvæ sammælum
um að ná undir sig því landsvæði sem nú myndar smárikið Paragvæ.²⁵ Það

²³ Femínískir fræðimenn og rithöfundar hafa á undanförunum áratugum lagt nótt við
dag í leit sinni að sögum kvenna frá liðnum öldum. Þeirra á meðal er rithöfundurinn
Isabel Allende, til dæmis í bókunum *Hija de la fortuna* (1999) og *Inés del alma mía*
(2006).

²⁴ Eugenia Rodríguez Sáenz, *Entre silencios y voces. Género y historia en América Central
(1750 – 1990)*, San José: Universidad de Costa Rica, 1997, hér af bls. 18 og 57.

²⁵ Umrædd átök hafa myndað söguvið fjölmargra bókmenntaverka frá Paragvæ. Mar
Langa Pizarro, „La guerra de la Triple Alianza en la literatura paraguaya“, *Nuevo
Mundo Mundos Nuevos*, 2006, án bls. Sótt þann 28. ágúst 2022 af [https://journals.
openedition.org/nuevomundo/1623](https://journals.
openedition.org/nuevomundo/1623).

var svo þegar að þrengdi að konur tóku til sinna ráða. Sögur segja frá því þegar þær söfnuðust saman árið 1867 á fundi í höfuðborginni, Asunción, sem nefndur hefur verið fyrsti fjöldafundur kvenna í Rómönsku-Ameríku og ákváðu að leggja inn skartgripi sína svo bræða mætti þá í byssukúlur.²⁶ Þegar svo flestum vopnbærum karlmönnum hafði verið útrýmt fara sögur af þátttöku sömu kvenna í vopnuðum átökum.²⁷ Svipaða sögu er að segja frá mexíkósku byltingunni sem braust út árið 1910 og stóð í rúman áratug.²⁸ Þótt ekki sé mikið gert úr þátttöku kvenna í vopnuðum átökum fylgdu þær herflokkunum í hópum og sáu jafnt um matargerð og þvotta. Viðbrögðum kvenna við því að þeim var ekki greidd umbun fyrir þátttöku sína í borgarastyrjöldinni til jafns við karla má til dæmis kynnast í bók Eleni Poniatowsku *Jesúsa: Óskammfeilin, þverúðug og skuldlaus*.²⁹

Ástæður byltingarinnar voru fjölmargar, en fræðimaðurinn Barbara Potthast leggur áherslu á að iðnvæðing, þéttbýlis- og borgarmyndun, fólksflutningar frá Evrópu og aukin efnahagsleg velsæld í lok 19. aldar hafi haft gríðarleg áhrif á stjórn málaþróun álfunnar, framgang vísinda, fræða, menningar og lista.³⁰ Francesca Miller bætir við mikilvægi þeirra nýju hugmynda sem innflytjendurnir báru með sér enda skapaðist í ölduróti iðandi mannmergðar stórborga frjór grundvöllur til skoðanaskipta og uppfærslu eldri hugmynda.³¹ Í umræddum suðupotti varð atvinnuþátttaka kvenna mikil, svo sem í spuna- og textílverksmiðjum, við afgangið og þjónustustörf, á saumastofum, við matvælaframleiðslu, barnakennslu og fleira, og þessar konur urðu kveikjan að stofnun ýmiss konar kvannahópa, hreyfinga og

²⁶ Ana Pais, „La historia de las mujeres que donaron sus joyas para financiar al ejército de Paraguay en la Guerra de la Triple Alianza“, *BBC Mundo*, 22. desember 2017. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.bbc.com/mundo/noticias-41582324>.

²⁷ Barbara Potthast, „Algo más que heroínas. Varias roles y memorias femeninas de La guerra de la Triple Alianza.“ *Diálogos*, 10: 1/2006, bls. 89–104. Sótt þann 28. ágúst af <https://www.redalyc.org/pdf/3055/305526864009.pdf>.

²⁸ Um það vitnar meðal annars skáldsagan *Lýðurinn* (s. *Los de abajo*) eftir Mariano Azuela, sem út kom í þýðingu Guðbergs Bergssonar, hjá Máli og menningu, árið 1994.

²⁹ Elena Poniatowska, *Jesúsa: Óskammfeilin, þverúðug og skuldlaus*, þýðing María Rán Guðjónsdóttir, Reykjavík: JPV, 2012.

³⁰ Sem dæmi má nefna að í Buenos Aires bjuggu árið 1869 180.000 manns. Árið 1915 var íbúafjöldinn rétt undir 1,5 milljón og 60% kvenna í borginni hafði fæðst í öðru landi. Potthast, B., *Madres, obreras, amantes... Protagonismo femenino en la historia de América Latina*, Madrid: Iberoamericana 2010, bls. 193.

³¹ Francesca Miller, „Latin American Feminism and the Transnational Arena“, *Women, Culture, and Politics in Latin America*, Ritsstj. Bergmann, E., o.fl., Berkeley: University of California Press, 1990, bls. 10–26. Hér af bls. 12.

klúbba.³² Jarðvegurinn var frjór og brátt fór að bera á andófi þeirra gegn ríkjandi skipulagi, viðhorfum og gildum. Kreppuárin sem fylgdu fyrri heimstyrjöldinni, kreppunni miklu um 1930 og síðari heimstyrjöldinni breyttu í kjölfarið aðstæðum kvenna um álfuna alla. Asunción Larvin bendir á að sjálfstæði þeirra hafi skerst umtalsvert með atvinnumissi og stuðlað að því að margar konur urðu háðari eiginmönnum, bræðrum eða feðrum um lífsviðurværi og afkomu en hugmyndir þeirra höfðu staðið til.³³ Vanmáttarkennd, gremja, ófullnægður metnaður í bland við nýfengið sjálfstraust, og margs konar hæfni og færni, virkaði sem bensín á bálið. Konum óx ásmegin og það gerði baráttu þeirra einnig. Þær komu saman í hópum og útfærðu tillögur að breytingum á lögum um almenna réttarstöðu í samfélaginu, svo sem um kosningarétt, erfðarétt, félagarétt og skilnað. Þær fylgdu þeirri vinnu eftir með fjöldasamkomum og mótmælum á götum og torgum úti. Raddir þeirra urðu æ háværi og viðspyrnan við umleitunum þeirra var kröftug. Sem dæmi má nefna að á árunum 1888 til 1932 tók argentínska þingið sautján sinnum til umræðu frumvarpið um rétt kvenna til að fara fram á skilnað og ekkert gekk.³⁴ Ein þeirra sem lét til sín taka var ítalski innflytjandinn Julieta Lanteri sem braut blað með réttindabaráttu sinni. Hún lauk ung prófi í læknisfræði og árið 1911 mætti hún á kjörstað í Buenos Aires og skilaði atkvæði. Ástæðan var sú að ekki var sérstaklega tekið fram í lögum að konur mættu ekki kjósa. Í kjölfarið var lögum landsins breytt og nýju ákvæði um að konur hefðu ekki kosningarétt bætt við.³⁵ En Julieta Lanteri lét það ekki stoppa sig. Hún stofnaði Kvenfrelsisflokkinn (s. *Partido Feminista Nacional*), sem hafði að markmiði að halda sjónarmiðum kvenna á lofti og upplýsa þær

³² Wanda C. Krause, gerir að umtalsefni að körlum hafi staðið ógn af háu starfshlutfalli kvenna, lægri launum þeirra og starfsvali. Kennslu- þjónustu- og afgreiðslustörf voru nógu kvenleg og því ásættanleg, en verksmiðjustörfin alls ekki. „The role and example of Chilean and Argentinian mothers in democratization“, *Development in Practice*, 14: 3/2004, bls. 366–380. Hér af bls. 369.

³³ Asunción Lavrin, *Women, feminism, and social change in Argentina, Chile, and Uruguay 1890-1940*, Lincoln, Nebraska: University of Nebraska Press, 1995, hér af bls. 53–54.

³⁴ Sama rit, bls. 236.

³⁵ Án höfundar, „Julieta Lanteri, una pionera en la lucha por la igualdad de derechos“, *Ministerio de la Cultura Argentina*, 22. mars 2021. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.cultura.gob.ar/julieta-lanteri-sus-frases-sus-luchas-su-historia-en-10-hitos-8814/>. Sjá einnig Marcela Cantero, „Julieta Lanteri y la mujer argentina“, *La voz interior*, 4. mars 2008, án blaðsíðutals. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://search.proquest.com/docview/378167393/fulltext/F279C30C3A2645F8PQ/1?aconunit=13593>.

um strauða og stefnur í kvenfrelsisumræðu á heimsvísu. „Eftir að vitsmunalegri getu þeirra og frelsi til persónulegra athafna hafði verið hafnað um langt skeið kröfðust femínistar þess að vera álitnar *jafnokar karla* en *ekki eins og þeir*“.³⁶ Hún gerði að auki tilraun til að ganga í herinn því þar var heldur ekki tiltekið að konur mættu ekki sækja um. Örlög hennar urðu þau að árið 1932 varð hún fyrir bíl á götu úti í Buenos Aires og fræðimaðurinn Marcela Cantero gefur í skyn að ekki hafi verið um slys að ræða.³⁷

Þegar horft er til baráttunnar fyrir kosningarrétti kvenna annars staðar í álfunni þá var það fyrsta konan sem útskrifaðist sem læknir í Ekvador, Matilde Hidalgo Navarro de Procel (1889–1974),³⁸ sem braut blað þar í landi. Hún krafðist þess að fá að kjósa með því einfaldlega að skrá sig inn á kjörskrá rétt eins og karlar þurftu að gera. Uppi varð fótur og fit og málið endaði fyrir þinginu sem samþykkti árið 1924 að konur fengju kosningarétt – fyrstar kvenna í Rómönsku-Ameríku. Í kjölfarið fylgdu hreyfingar kvenna um álfuna þvera og endilanga og kröfðust þess sama, jafnvel þótt ríkjandi viðhorf hafa lotið að því að heimili og einkalíf skildu áfram vera þeirra umráðasvæði. Sem dæmi má nefna að konur í Úrúgvæ öðluðust réttinn árið 1927, þótt ekki reyndi á þátttöku þeirra fyrr en í þingkosningum árið 1934. Brasilískar konur öðluðust sama rétt árið 1932, argentínskar konur árið 1947. Konur í Síle öðluðust rétt til kosninga í sveitastjórnnum árið 1934 og í forseta- og þingkosningum 1949 og mexíkóskar konur öðluðust ekki kosningarétt fyrir en árið 1953.³⁹

Einurð kvenna og áræði

Það var í þessari baráttu sem hefð skapaðist fyrir því að andmæla á torgum, að láta til sín taka í almenningsrýmum og glæða baráttuna lífi með aðgerðum, listviðburðum og gjörningum ýmiss konar. Fjöldasamkomur kvenna urðu áberandi og þegar Eva Perón stóð til dæmis fyrir því að setja á lagg-

³⁶ Asunción Lavrin, *Women, feminism, and social change ...*: „Having been denied intellectual capacity and personal freedom of action for a long time, feminists wanted to assert their right to be considered *as good as men*, but *not the same as men*“, bls. 5.

³⁷ Marcela Cantero, sama rit, án blaðsíðutals.

³⁸ Frekari umfjöllun um „Matilde Hidalgo de Procel (1889-1974)“, sótt þann 28. ágúst 2022 af <http://www.loja.gob.ec/contenido/matilde-hidalgo-de-procel-1889-1974> og „Matilde Hidalgo de Procel, pionera del voto femenino en Hispanoamérica“, sótt sama dag af https://elpais.com/sociedad/2019/11/21/actualidad/1574327354_255470.html.

³⁹ Hafa má í huga að á Nýja Sjálandi áunnust réttindin árið 1892, á Íslandi fengu konur yfir 40 ára fyrst að kjósa árið 1915, bandarískar konur árið 1920 og Sviss rak lestina en þar fengu konur kosningarétt árið 1971. „Votes for Women“, sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.britannica.com/story/votes-for-women>.

írnar sérstaka kvannahreyfingu innan argentínska Perónistaflokksins árið 1949 skráði hálf milljón kvenna sig til leiks á tæpu ári.⁴⁰ Svipaða sögu er að finna víða um álfuna á fyrri hluta 20. aldar. Má þar nefna öflugt starf kvennasamtaka í Síle, þótt atkvæðamest hafi Frelshreyfing síleskra kvenna (s. *Movimiento Pro-Emancipación de las Mujeres de Chile*) verið. Hún starfaði á árunum 1923–1953 og setti mál eins og kosningarétt kvenna, rétt til erfða og virka þátttöku kvenna á vinnumarkaði á oddinn.⁴¹ Hvað Mexíkó varðar hefði mátt ætla að barátta kvenna þar hefði verið auðveldari í ljósi stefnuyfirlýsingar byltingarflokksins PRI (s. *Partido Revolucionario Institucional*) sem komst til valda í kjölfar byltingar árið 1929 og ríkti til 2000, en sú var aldeilis ekki raunin.⁴² Varðstaða valdaelítu landsins um feðraveldið og óbreytt ástand stóð óhaggað og hefur mótað samfélagskipan í Mexíkó með afgerandi hætti til dagsins í dag.⁴³

Pegar Sameinuðu þjóðirnar kölluðu loks til fyrstu kvennaráðstefnunnar í Mexíkóborg árið 1975 var jarðvegurinn því frjór. Konur flyktust til landsins og þótt yfirvöld margra landa hafi sent embættismenn af karlkyni sem fulltrúa sína varð samtímis og samhliða til óformleg grasrótar-kvenna-ráðstefna, svokallað *Forum*, þar sem fulltrúar óopinberra kvennasamtaka komu saman og réðu ráðum sínum.⁴⁴ Raddir kvenna frá Rómönsku-Ameríku voru sérlega áberandi enda beittar, gagnrýnar og háværar. Konur kröfðust úrbóta.⁴⁵ Full-

⁴⁰ Barbara Potthast, *Madres, obreras, amantes ...* Hér af bls. 272. Upplýsingar um Réttlætis- eða jafnræðisflokkinn, „El partido justicialista“ sóttar þann 28. ágúst 2022 af <https://www.pj.org.ar/>.

⁴¹ „El Movimiento Pro-Emancipación de las Mujeres de Chile, MEMCH (1935-1953)“, sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.memoriachilena.gob.cl/602/w3-article-3611.html> og „Organizaciones feministas de la primera mitad del siglo XX“, sótt sama dag af <http://www.memoriachilena.gob.cl/602/w3-article-96052.html>.

⁴² Patricia Galeana o.fl., *La Revolución de las mujeres en México*, México: Instituto Nacional de Estudios Históricos de las Revoluciones de México, 2014, bls. 15–33.

⁴³ Sjá greiningu CEJIL (Center for Justice and International Law), „El combate a la violencia patriarcal sigue sin ser prioridad en los presupuestos“. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://cejil.org/blog/mexico-el-combate-a-la-violencia-patriarcal-sigue-sin-ser-prioridad-en-los-presupuestos/>.

⁴⁴ Monica Traducci bendir á að samtök eins og Unión Feminista Argentina (UFA) og Movimiento de Liberación Feminista (MLF), sem sett hafa mark sitt á baráttuna fyrir þungunarrofi í Argentínu, eigi rætur að rekja til ráðstefnunnar í Mexíkó árið 1975. „Escenas y clase de la lucha por el derecho al aborto en Argentina“, *Salud Colect*, 14: 3/2018, bls. 425–432.

⁴⁵ Árið 1980 var sams konar ráðstefna haldin í Kaupmannahöfn, árið 1985 í Naíróbí, Kenía og árið 2000 í Beijing, Kína. „World Conferences on Women“, sótt þann 28. ágúst af <https://www.unwomen.org/en/how-we-work/intergovernmental-support/world-conferences-on-women>.

trúar ýmissa stjórnmalahreyfinga á vinstri væng stjórnmalanna létu til sín taka og félagasamtök ýmiss konar, svo sem samtök frumbyggjakvenna, blökkukvenna, námuverkakvenna, alþýðukvenna, húsmæðra, rithöfunda, kennara, stjórnmalakvenna og fleiri, sendu fulltrúa og konur leituðu samhljóms í kröfugerð sinni. Samnefnari þátttakenda ráðstefnunnar kom brátt í ljós og fannst í því að skilgreina kvenréttindi sem mannréttindi, benda á hvar skóinn kreppti og á leiðir til úrbóta. Samhliða hélt fræðileg greining áfram og þátttakendur héldu til síns heima með hugmyndafræði kvenfrelsis að leiðarljósi.⁴⁶

Og, konum óx ásmegin. Ein af best þekktu fjöldahreyfingum kvenna í Rómönsku-Ameríku á alþjóðavísu kom fram á sjónarsviðið í kjölfarið, það er Mæður Maíborgsins svokallaðar (s. *Las Madres de la Plaza de Mayo*). Tilurð þeirra má rekja til ársins 1977 þegar fámennur hópur kvenna mætti fyrir fram- an forsetahöll Argentínu, Bleika húsið (s. *La Casa Rosada*), í höfuðborginni Buenos Aires.⁴⁷ Herforingjastjórn var við völd og hermenn á hverju horni. Konurnar báru myndir af börnum sínum, eiginmönnum, bræðrum, systurum eða öðrum fjölskyldumeðlimum sem horfið höfðu sporlaust í tilraunum her- stjórnarinnar til að hreinsa til á vinstri væng stjórnmalanna.⁴⁸ Í þeim hópi voru ekki hvað síst aðgerðarsinnar úr verkalyðs- og stúdentabaráttu þess tíma, kennarar, rithöfundar og fjölmiðlafólk. Yfirleitt var um ungt fólk að ræða. Það var hundelt, fangelsað, pyntað, því var nauðgað og það drepið.⁴⁹

Konurnar komu saman alla fimmtudaga. Þær auðkenndu sig með hvítum

⁴⁶ Hugtak sem Cabrera Bosch skilgreinir sem: „un movimiento reivindicador de un nuevo estatus personal, social y jurídico para la mujer. Se trata pues de una lucha, llevada a cabo por las mujeres, en un intento de conquistar un destino propio -que les suponga la adquisición de todos los derechos reservados anteriormente a los hombre- y que les permita participar en las tareas comunitarias sin excepciones.“ Hólmfríður Garðarsdóttir, *La reformulación de la identidad genérica en la narrativa de mujeres argentinas de fin de siglo XX*, Buenos Aires: Corregidor, 2005, bls. 34.

⁴⁷ Fimmtudaginn 30. apríl 2021 vöktu stjórnvöld athygli á því að 2244 sinnum höfðu konur komið saman á torginu. „A 44 años de la primera ronda de Madres de Plaza de Mayo“, sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.argentina.gob.ar/noticias/44-anos-de-la-primera-ronda-de-madres-de-plaza-de-mayo>.

⁴⁸ Um það vitna t.d. kvikmyndirnar *Infancia clandestina* (1979), *La historia oficial* (1985), *La noche de los lápices* (1986), *Garaje Olimpo* (1999) og *Crónica de una fuga* (2006), auk fjölda heimildamynda, tónlist þeirra Mercedes Sosa og Leóns Gieco, auk annarra, mannréttindaskýrslan *Nunca más* (1986) og óteljandi bókmenntaverk, eins og skáld- sögur Cristinu Feijóo *Memorias del río imóvil* (2001) og *La casa opertiva* (2007).

⁴⁹ Nú er vitað að flogið var með hundruð líka út yfir Atlantshafið og þeim fleygt í sjó- inn, á sama tíma og öðrum var sturtað í brunna og fjöldagrafir víða um land. Samtök félagsvísindafólks í Rómönsku-Ameríku, CLACSO, hafa gefið út fjölda bóka og rita um ástæður, afleiðingar og áhrif herforingjastjórnarinnar. Bókasafn samtakanna er á <http://biblioteca.clacso.edu.ar/> Sótt þann 28. ágúst 2022.

slæðum og gengu í alvörubrúnginni þögn hring, eftir hring, eftir hring á torginu í marga klukkutíma, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár. Hinum fangelsuðu og horfinu fjölgaði og í sama hlutfalli stækkaði hópur kvenna með hvítar skuplur á torginu. Þær voru að mestu láttnar óáreittar og ekki var á þær ráðist. Það að vera kona og móðir í kaþólsku landi veitti þeim ákveðna friðhelgi. Í syrgjandi mæðrum fólst ekki ógn og jafnvel ekki þótt þær væru margar samankomnar á sama stað. Þær voru enda óvopnaðar og vörn þeirra og skjöldur var ljósmynd á pappaspjaldi. Þær tóku með sér vini og ættingja, og smám saman vaknaði áhugi umheimsins á málstað þeirra. Þegar heimsmeistaramótið í knattspyrnu var haldið í Argentínu árið 1978 flykkist þangað fjöldi fréttá- og blaðamanna og athygli þeirra var vakin á þessum vikulega gjörningi. Fiskisagan flaug og gagnrýni á stjórnhætti herforingjastjórnarinnar endurómaði um allan heim. Það fór að molna undan „la junta“ eins og herforingjastjórnin var alla jafna kölluð og var henni loks bolað burt og boðað til kosninga árið 1983.⁵⁰

Slæðukonurnar brutu blað í réttindabaráttu kvenna um alla Rómönsku-Ameríku. Sannleiksnefnd var sett á laggirnar og fjölmargar mæður, eigin- konur, systur og ömmur fengu skelfilegar fréttir. Aðrar vita enn þann dag í dag ekkert um örlög ástvina sinna og nokkrar þeirra koma enn saman á Maítorginu í Buenos Aires á fimmtudögum.⁵¹ Til baráttu þeirra er vitnað aftur og aftur þegar konur annars staðar í álfunni taka sig saman og standa upp úr stólunum og krefjast úrbóta á aðstæðum sínum. Námuverkakonur í Bólívíu,⁵² farandverkakonur í Perú,⁵³ indíánakonur í Mexíkó og Brasilíu,⁵⁴

⁵⁰ Gabriela Gomes, *La política social de los regímenes dictatoriales en Argentina y Chile*, Buenos Aires: CLASCO, 2016.

⁵¹ Sjá heimasíðu hreyfingarinnar á <https://madres.org/> og viðtöl og umfjöllun um mikilvægi baráttunnar á <https://www.cultura.gov.ar/aniversario-de-las-rondas-de-las-madres-8977/>. Sótt þann 28. ágúst 2022.

⁵² Frumbyggjar telja um 20% íbúa Bólívíu og 68% skilgreina sig blandaða mestísóa. Námuverka- og frumbyggjakonur hafa oft gripið til fjöldaaðgerða í Bólívíu. Vinsæl baráttuleið þeirra er að loka helstu vegum til höfuðborgarinnar La Paz með því að bera grjót á vegi og hamla þannig umferð. Þær setjast svo á hrúgurnar og fara hvergi. Til frekari upplýsinga sjá skýrslur Sameinuðu þjóðanna. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://lac.unwomen.org/es/noticias-y-eventos/en-la-mira/derechos-y-activismo-de-las-mujeres-indigenas>.

⁵³ Samkvæmt frétt frá viðskiptaráði Perú voru 71% vinnuafls í landinu á óformlegum vinnumarkaði árið 2019. Stór hluti þess hóps eru konur. „El 71,1% de trabajadoras en el país son informales“, *Perucámaras*, 1. apríl, 2020. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.perucamaras.org.pe/nt380.html>.

⁵⁴ Mikilvægur áhrifavaldur í þeirri baráttu er indíánakonan Rigoberta Menchú, frá Gvatemala, sem vann til Friðarverðlauna Nóbels árið 1992. Menchú hafði tekið

rétt eins og ungar konur úr samsetninga- og spunaverksmiðjum⁵⁵ nota sögur þeirra til að stappa í sig stálinu og telja í sig kjark. Dæmin um sívaxandi einurð og áræði kvenna á seinni hluta 20. aldar eru mörg. Má þar nefna andspyrnu kvenna á tímum herforingjastjórnar Augusto Pinochet í Síle (1973–1990), þar sem konur hættu lífi og limum, dag eftir dag, ár eftir ár, með skipulögðum aðgerðum á torgum og strætum í öllum stærstu borgum landsins.⁵⁶ Áberandi voru konur úr röðum hreyfingarinnar Konur fyrir lífi (s. *Mujeres por la vida*) sem mótmæltu kynbundnu ofbeldi og yfirgangi hers og lögreglu. Steininn tók úr þann 30. október 1985 þegar sérsveit lögreglunnar (s. *Carabineros*) gerði atögu gegn friðsælum mótmælum kvenna í miðborg höfuðborgarinnar Santiagó.⁵⁷ Þjóðinni var brugðið og alþjóðasamfélagið beindi sjónum að vaxandi ofbeldi í landinu.

Hugmyndafræði nýfrjálsbyggju réð lögum og lofum í efnahagslífinu, auður og völd söfnuðust á fárra hendur, opinberar eignir voru afhentar karlkyns vinum og kunningjum valdhafa, misskiptingin var æpandi og það sauð upp úr víða.⁵⁸ Þegar Argentína varð t.d. gjaldþrota, um miðjan desember árið 2001, og engin laun voru greidd í aðdraganda jóla, bankarnir lokuðu og debet- og kreditkort urðu óvirk, flyktist fólk á Maítorgið og á torgið fyrir framan þinghúsið (s. *La Plaza del Congreso*) og allt fór úr böndunum. Í nokkra daga ríkti alger ringulreið og óöld. Ungir karlmenn brutu og brömluðu,

þátt í réttindabaráttu frumbyggja frá unga aldri, en um leið og óréttlætið sem hún tjáði í viðtalsbókinni *Ég heiti Rigoberta Menchú og svona varð samvíska mín til birtist* á prenti gerðist það að indíánakonur víða um álfuna fengu byr í seglin og urðu æ sýnilegri. Sjá *Me llamo Rigoberta Menchú y así me nació la consecuencia*, frá 1982. Nokkra kafla úr bókinni má finna í íslenskri þýðingu í *Langt að komnar. Sögur kvenna frá Mið-Ameríku*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2021.

⁵⁵ Edmé Domínguez og Lisa Sutton, „Feminist approaches to forms of labour“, London: *Routledge Handbook of Feminist Peace Research*, 2021, bls. 379–387.

⁵⁶ Instituto de la Mujer y Corporación *La Morada*, „Mujeres víctimas de violencia sexual como tortura durante la represión política chilena (1973-1990): un secreto a voces“, 2004. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.humanas.cl>. Sjá enn fremur gagnasafn á heimasíðu *Memoria chilena*, undir yfirskriftinni „Movimiento Feminista durante la dictadura (1973-1989)“. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <http://www.memoriachilena.gob.cl/602/w3-article-100703.html#documentos>.

⁵⁷ Meðal áhrifavalda innan andspyrnuhreyfingar kvenna gegn herforingjastjórninni í Chile voru Elena Caffarena, Olga Poblete og Juliet Kirkwood. Estefanía Labrín, „La relevancia que cobra Julieta Kirkwood en el Chile actual“, 2021. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://facso.uchile.cl/noticias/174125/la-relevancia-que-cobra-julieta-kirkwood-en-el-chile-actual>.

⁵⁸ Nelly Richard, *Políticas y estéticas de la memoria*, Santiago, Chile: Editorial Cuarto Propio, 2000.

kveiktu í og rændu. En smám saman fór að bera mest á viðveru kvenna með skaftpotta að vopni. Þær báru ábyrgð á því að brauðfæða fjölskyldur sínar og það var ekki hægt að festa kaup á matvælum. Pottarnir voru tómir og þær mættu með þá – og sleifarnar líka. Þær börðu og hrópuðu, og hávaðinn varð svo mikill að það glumdi í stórborginni. Skaftpottaskellirnir urðu að táknmynd uppreisnarinnar sem stóð í sjóðandi sumarhitnum langt fram á árið 2002.⁵⁹ Það voru konur sem leiddu þessa uppreisn og á þennan hátt. Aftur var alþjóðapressan mætt og myndir af þessum konum fóru sem eldur í sinu um veröldina þvera og endilanga. Forsetinn hrökklaðist frá völdum og það gerði fjármálaráðherra líka. Það gerði svo stjórnin í kjölfarið og reyndar fjórar aðrar stjórnir á næstu tveimur árum. Baráttuaðferðir kvennanna voru einfaldar, þær voru ódýrar, þær voru óþolandi vegna hávaðans, en það dó enginn. Konur ærðu stjórnarherrana frá völdum. Krafan um kjöt í katlana var áskorun sem brann á konum úr öllum stéttum og var ásætlanleg fyrir alla, en um leið var undirtónninn óvæginn, alvarlegur og beinskeyttur. Þær mótmæltu matarskort, en um leið mótmæltu þær því að með auðævi landsins hafði verið bruðlað í tíu ár.⁶⁰ Þær vísuðu í tölur um kostnað matarkörfunnar og á kröfuspjöldin bættu þær margföldunarkerki við á eftir og spurningarkerki þar á eftir og vísuðu þannig til fjármála ríkisins. Það vissi nefnilega enginn annar neitt meira um efnahagsmál en þær því við blasti að yfirmenn peningamála kunnu ekkert betur með upphæðir og tölur að fara en þær. Smám saman öðluðust þær sjálfstraust með því að mæta nógu margar og fara saman í flokkum. Þegar tilraun var gerð til að þagga niður í þeim með því að ásaka þær um að vera marxistar, sósíalistar, femínistar, yfirstéttarkerlingar, menntakonur í filabeinsturni eða ómenntaðar alþýðukonur – þá sögðu þær bara já! Ef það að vilja brauðbita með morgunkaffinu eða kjötflís í kvöldmatinn gerði þær að einhverju þessu þá gengust þær við því.⁶¹

⁵⁹ Arien Fiszbain, Paula Inés Giovagnoli og Isidoro Adúriz, „El impacto de la crisis argentina en el bienestar de los hogares“, *Revista de la CEPAL*, 2013, bls. 151–168.

⁶⁰ Lucrecia Vega Gramunt, „Género en la crisis argentina. Análisis del impacto y estrategias de respuesta“, 2004, án bls. tals. Sótt þann 28. ágúst af https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_emp/---emp_ent/---ifp_crisis/documents/publication/wcms_116460.pdf.

⁶¹ Sjá t.d. viðtöl við Hebe Bonafini (1928), stofnfélaga samtaka mæðra máttorgsins, svo sem við Gabrielu di Marco, „Madres de Plaza de Mayo: la politización de la maternidad“, sótt þann 28. ágúst 2022 af [https://www.unsam.edu.ar/escuelas/humanidades/centros/cedehu/material/\(36\)%20Entrevista%20Bonafini.pdf](https://www.unsam.edu.ar/escuelas/humanidades/centros/cedehu/material/(36)%20Entrevista%20Bonafini.pdf) og Youtube viðtal frá 18. desember 2020, „Todas con Cristina“, sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.youtube.com/watch?v=c0zDBMTM0J4> Sjá einnig Débora Lopreite og Ana Laura Rodríguez Gustá, „Feminismo de Estado en la Argentina democrá-

Hvorki hlýðnar né hljóðlátar

Frá því argentínska búsághaldabyltingin stóð sem hæst eru liðnir tveir áratugir og réttindabarátta kvenna heldur áfram. Hún hverfist áfram um ákvörðunarrétt yfir eigin örlögum og einskorðast ekki lengur eingöngu við lögbundin réttindi heldur einnig frið- og lífhelgi. Aðgerðarhópurinn Ekki einni [konu] færra, eða #NiUnaMenos, hefur verið áberandi í baráttunni víða um álfuna.⁶² Um er að ræða öfluga fjöldahreyfingu sem setur réttindamál kvenna og kynbundið ofbeldi á oddinn.⁶³ Þær komu fyrst fram á sjónarsviðið í Argentínu árið 2015 þegar lík hinnar 14 ára gömlu Chiara Paez fannst grafið undir stofugólfinu heima hjá kærasta hennar. Hann hafði barið hana til óbóta þegar hann komst að því að hún væri ófrísk. Mál hennar varð í senn kveikja og dropinn sem fyllti mælinn.⁶⁴ Ári síðar varð mál hinnar 16 ára gömlu Lucíu Pérez, frá borginni Mar del Plata (sunnan Buenos Aires), sem dó af sárum sínum í kjölfar hópnauðgunar og svívirðilegs kynferðislegs ofbeldis, til þess að argentínskar konur efndu til allsherjarverkfalls og komu saman á torginu fyrir framan þinghúsið í miðborg Buenos Aires svo hundruðum þúsunda skipti til að mótmæla kvennamorðum (s. *feminicidio*).⁶⁵ Vakningin fór sem eldur í sinu um álfuna og konur tóku höndum saman og mótmæltu aðgerðarleysi yfirvalda og því að dauðsföll kvenna væru sjaldan rannsókuð, hvað þá að morðingjarnir væru sóttir til saka. Sé það gert – eins og í máli Lucíu Pérez – eru sakamennirnir ósjaldan látnir lausir vegna dugleysis dómara, í tilfelli Pérez voru dómarnir þrír karlar sem báru fyrir sig skort á vitnum og/eða sönnunargögnum.

tica (1983-2021): ¿modelo aspiracional o realidad institucional?“, *Revista SAAP*, 15: 2/ 2021, án bls. Sótt þann 28. ágúst 2022 af http://www.scielo.org.ar/scielo.php?script=sci_arttext&pid=S1853-19702021000200287.

⁶² Jean-Marie Chenou og Carolina Cepeda-Másmela, „#NiUnaMenos: Data Activism From the Global South“, *Television & New Media*, 20: 1/2019, án bls. tals.

⁶³ Hreyfingin kom fyrst fram á sjónarsviðið í borginni Ciudad Juárez í Mexíkó árið 1995. Það var ljóðskáldið og aðgerðarsinninn Susana Chávez sem bjó til slagorðið „Ekki fleiri [konur] myrtar“ (s. „Ni una muerta más“). Chávez var drepin árið 2011.

⁶⁴ Sjá umfjölun Analíu Lorente, „Ni una menos: Chiara Paez, la adolescente embarazada de 14 años cuyo brutal asesinato dio origen al movimiento contra la violencia machista“, *BBC News Mundo*, 3. júní 2020. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.bbc.com/mundo/noticias-52900596>.

⁶⁵ Sjá umfjöllun um hreyfið ofbeldis á „Argentine women strike after fatal rape of teenager“, *BBC News*, 20. október 2016. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.bbc.com/news/world-latin-america-37703406>. Upplýsingar um fjölda drepinna kvenna á hverja 100.000 íbúa er að finna á heimasíðu CEPAL, „Feminicidio“. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://oig.cepal.org/es/indicadores/feminicidio>.

Ástæður fjöldasamkoma kvenna í Argentínu hafa á undanförunum árum hverfst annars vegar um baráttu gegn kynbundnu ofbeldi og mansali og hins vegar um baráttu fyrir frjálsum aðgengi að þungunarrofi.⁶⁶ Í mörgum stærri borgum landsins hafa konur staðið fyrir fjölmönnum mótmælum, ógrynni gjörninga og listviðburða þar sem pólitískum áherslum er fylgt eftir á skapandi og oft ögrandi hátt.⁶⁷ Nú eru það grænar skuplur eða slæður, sem gjarnan er vafið um úlnliðinn, sem einkenna þátttakendur viðburða.⁶⁸ Jafnvel þótt Argentína hafi skapað sér orðspor sem þróað lýðræðisríki sem byggir á öflugum menntakerfi, miklum umsvifum hins opinbera, virkri og vakandi verkalýðshreyfingu, lifandi stjórnmalastarfi og gagnrýnni samfélagsumræðu hefur andstaðan við þungunarrof verið þrálát. Umráðum kvenna yfir eigin líkama er fórnað á altari umræðunnar um það hvenær lifandi frumur teljist mannverur. Árið 2019 kom frumvarp um málið til afgreiðslu í þinginu í áttunda skipti.⁶⁹ Tillagan um takmarkaðan rétt kvenna til rofs á meðgöngu var felld með naumum meirihluta, jafnvel í þeim tilfellum þegar til þungunar kom í kjölfar nauðgunar, eins og lög sumra héraða landsins tiltaka. En konur létu ekki þar við sitja. Þær söfnuðu kröftum og til framgangs baráttunnar í Argentínu hefur oft verið vísað sem tákmyndar þess hvernig kvennabaráttan sker þvert á uppruna, aldur, stétt og/eða samfélagsstöðu.⁷⁰ Það gerðist svo árið 2021, í miðjum Covid faraldri, að áfangasigri var náð. Frumvarp um takmarkaðan rétt til þungunarrofs var samþykkt á argentínska þinginu⁷¹ og liggur nú til grund-

⁶⁶ Marina Acosta, „Ciberactivismo feminista. La lucha de las mujeres por la despenalización del aborto en Argentina“, *Sphera Publica*, 2: 18/2018, bls. 2–20.

⁶⁷ Það á svo sannarlega við um fjöldasamkomu suður-amerískra femínista (s. *Encuentro Feminista Latinoamericano y del Caribe*) í Buenos Aires árið 1990 þegar rétturinn til aðgangs að getnaðarvörnum og þungunarrofs voru settir á oddinn. Monica Traducci, „Escenas claves de la lucha por el derecho al aborto en Argentina“ *Salud Colect*, 3: 14/2018, bls. 425–432, hér af bls. 427.

⁶⁸ „La marea verde“ eða „græna hafid“ er hugtakið sem oftast er notað í þessu samhengi og hefur orðið tákmynd baráttunnar um álfuna þvera og endilanga.

⁶⁹ Allt frá því í mars árið 1988 hafa konur staðið fyrir baráttu um rétt til þungunarrofs. Konur eins og Marta Fontela, Dora Coledesky, Safina Newbery, Laura Bonaparte, Alicia Schejter, María José Rouco Pérez og Rosa Farías hafa endurtekið mætt á torgið fyrir fram þinghúsið, skrifað drög að þingsályktunartillögum, reglugerðum og lögum, „lobbierað“, og lagt sitt af mörkum til að koma málinu í gegn. Julia Burton, „Prácticas feministas en torno al derecho al aborto en Argentina: aproximaciones a las acciones colectivas“, *Punto Género*, 7/2017, bls. 91–111, hér af bls. 94.

⁷⁰ Á spænsku er gjarnan talað um „diversidad social“. Barbara Sutton og Elizabeth Borland, „Framing Abortion Rights in Argentina’s Encuentros Nacionales de Mujeres“, *Feminist Studies*, 39: 1/2019, bls. 194–234, hér af 196.

⁷¹ 38 greiddu atkvæði með frumvarpinu, 29 á móti og einn sat hjá. Daniel Prado,

vallar kröfugerð kvenna víða um álfuna.⁷² Rétturinn nær til fjórtánda viku meðgöngu, kvenna sem hefur verið nauðgað og/eða ef líf þeirra er í hættu.⁷³

Því miður eru mál þeirra Pérez og Paez sem vikið var að hér að framan ekki undantekning heldur toppur ísjakans. Opinberar upplýsingar votta að árið 2020 voru 4091 konur myrtar í álfunni allri og staðfesta, svo ekki verður um villst, að vanvirðing við lífhelgi kvenna er rótgróin.⁷⁴ Um það vitna ekki síður skelfilegar upplýsingar sem berast frá Mexíkó – fjórða hættulegasta landi í heimi fyrir konur, ungar konur sérstaklega.⁷⁵ Mexíkóski félagsfræðingurinn Edmé Domínguez hefur bent á að skýringanna sé meðal annars að leita í riðlun á hefðbundnum hlutverkum kynjanna. Þar vísar hún til afleiðinga þess að konur hafi á síðustu áratugum aflað sér menntunar, flykkst út á opinberan vinnumarkað, látið til sín taka í samfélags- og stjórnmálum og öðlast tiltekið fjárhagslegt sjálfræði.⁷⁶ Þessir ávinningar kvenna virka sem ógn við karlveldið og það bregst við með vaxandi ofbeldi gegn þeim. Í Mexíkó hefur þessi breyting meðal annars orðið vegna uppbyggingar fjölda alþjóðlegra samsetningaverksmiðja (s. *maquiladoras*) fyrir bílaiðnað, raftækja-

„Aborto en Argentina: 3 claves que explican por qué esta vez sí se aprobó la ley de la interrupción del embarazo“, *BBC News Mundo*, 30. desember 2020. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.bbc.com/mundo/noticias-america-latina-55483258>

⁷² Mariela Daby og Mason W. Moseley, „Feminist Mobilization and the Abortion Debate in Latin America. Lessons from Argentina“, *Politics and Gender*, 2021, án bls.

⁷³ Til frekari upplýsinga sjá „Decreto 14/2021. DEPPA-2021-14-APN-PTE – Promulgase parcialmente la Ley N° 27.610“. Sótt þann 28. ágúst 2020 af <https://www.boletinooficial.gob.ar/detalleAviso/primera/239808/20210115>. Til samanburðar ná lög hér á landi til 23. viku meðgöngu. „Lög um þungunarrof“, *Lagasafn*, íslensk lög 20. apríl 2022. Útgáfa 152b. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019043.html>.

⁷⁴ Sjá umfjöllun um fjölda kvenna sem drepnar eru af sambýlismönnum, eiginmönnum og/eða bræðrum, 87% þeirra á eigin heimilum. Estefanía Santoro og Flor Monfort, „Cuarentena: la violencia machista en emergencia“, *Página 12*, 3. apríl 2020. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.pagina12.com.ar/256866-cuarentena-la-violencia-machista-en-emergencia>. Sjá einnig samantekt CEPAL „Al menos 4.091 mujeres fueron víctimas de feminicidio en 2020 en América Latina y el Caribe, pese a la mayor visibilidad y condena social“, sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.cepal.org/es/comunicados/cepal-al-menos-4091-mujeres-fueron-victimas-feminicidio-2020-america-latina-caribe-pese>.

⁷⁵ Hættulegust er Suður-Afríka, því næst koma Brasilía og Rússland. „Most Dangerous Countries for Women 2022“. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://worldpopulationreview.com/country-rankings/most-dangerous-countries-for-women>.

⁷⁶ Edmé Domínguez, „Mexico and Latin America. From #MeToo to #NiUnaMenos“, *The Routledge Handbook on the Politics of the #MeToo Movement*, ritstjóri Chandra Giti og Irma Erlingsdóttir, London: Routledge, 2020, bls. 264–280, hér af bls. 265.

framleiðslu og saumaverksmiðja sem þrífast á ódýru vinnuafli. Ómenntaðar alþýðustúlkur flykkjast til starfa, ekki hvað síst á svæðunum sunnan landamæra Bandaríkjanna, á sama tíma og gengjamyndun vegna flutninga eiturlyfja um Mexíkó til norðurs hefur stuðlað að hækkandi glæpatíðni og enn frekara ööryggi.⁷⁷ Samfélagsleg óreiða í bland við skort á lífhelgi kvenna hefur reynst konum banvæn blanda. Í Mexíkó voru skráð 1.199 kvennamorð árið 2019 en með notkun hugtaksins „feminicidio“ er vísað til þess að kyn og/eða kyngervi kvennanna sem um ræðir sé meginástæða þess að þær voru drepnar.⁷⁸ Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi er allt umlykjandi og þótt öflug barátta hafi um árabil verið háð gegn því og fyrir réttlæti til handa konum staðfesta tölurnar hér að framan að það er verk að vinna og konur láta ekki sitt eftir liggja. Um það vitnar umræðan, fræðaskrifin, bókmenntirnar, söngtextarnir, blaðagreinarnar, slagorðin, veggjakrotið og þrotlaus barátta fyrir því að brotamenn séu leiddir fyrir dómara.⁷⁹

Mest áberandi hefur á síðustu árum verið barátta kvenna í Síle. Þær komu þann 8. mars 2020 rúm milljón kvenna saman á víðáttumiklu opnu svæði í miðborg höfuðborgarinnar, Santiago. Þær mynduðu litríkt haf kvenna og það lét hátt í þeim. Þær sungu, kölluðu, kyrjuðu og hrópuðu slagorð.⁸⁰ Þær báru baráttuspjöld og grænar skuplur, þær áletruðu eigin líkama, fluttu frumsamda tónlist en umfram allt voru þær í ham og óeirðalögreglan hélt að sér höndum. Stelpurnar í aðgerðarhópnum Hryssurnar (s. *La Yeguada*) voru áberandi.⁸¹ Þær röðuðu sér upp fyrir framan sveitir lögreglumanna. Þær

⁷⁷ Edmé Domínguez, Rosalba Icaza, Cirila Quintero, Silvia Lopez og Ása Stenman, „Women Workers in the Maquiladoras and the Debate on Global Labor Standards,“ *Feminist Economics*, 16: 4/2010, bls. 185–209.

⁷⁸ Til samanburðar var 251 kona myrt í Argentínu árið 2020. Til frekari samanburðar um kvennamorð í Rómönsku-Ameríku sjá „Feminicidio“, sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://oig.cepal.org/es/indicadores/feminicidio>.

⁷⁹ Almudena Barragán Gaspar, „Nos queremos vivas“, *El País*, 28. nóvember 2021. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://elpais.com/sociedad/2021-11-28/nos-queremos-vivas.html> Sjá einnig umfjöllun Unicef þann 31. maí 2019 „América Latina debe acabar con la impunidad en los feminicidios“. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.efe.com/efe/america/mexico/unicef-america-latina-debe-acabar-con-la-impunidad-en-los-feminicidios/50000545-3989892>.

⁸⁰ Sjá safn blaðgreina og mynda um efnið. „Clarín, firme junto al pueblo“. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.elclarin.cl/tag/8-de-marzo/>.

⁸¹ Sjá greiningu Jazmín Ramírez Pérez í ritgerðinni „Significación política feminista en las *performance* de La Yeguada Latinoamericana“, *Universidad de Chile*, 2020. Sótt þann 28. ágúst 2022 af [file:///C:/Users/holmfr/Downloads/Significaci%C3%B3n%20pol%C3%ADtica%20feminista%20en%20las%20performance%20de%20La%20Yeguada%20Latinoamericana%20\(3\).pdf](file:///C:/Users/holmfr/Downloads/Significaci%C3%B3n%20pol%C3%ADtica%20feminista%20en%20las%20performance%20de%20La%20Yeguada%20Latinoamericana%20(3).pdf).

lögðust á stéttina og mynduðu tölustafi, táknræna fyrir þann fjölda kvenna sem drepnar höfðu verið í umsjón yfirvalda – flestar í kjölfar kynferðislegs áreitiss og nauðgana. Umræddan dag, rétt eins og svo oft áður, mynduðu Hryssurnar framvarðasveit. Þær ögruðu með nöktum eða hálfnöktum lík-ömum sínum. Þær tóku sér stöðu, störfu þegjandi í augu varðliðanna og hurfu svo á brott. Hópurinn leystist upp og hvarf í mannfjöldann. Klukku-tíma síðar voru þær mættar aftur í samstilltu átaki fyrir framan aðra varð-sveit, aðra lögreglustöð eða aðra fylkingu lögreglumanna.⁸² Og Hryssurnar eru bara einn af mörgum hugmyndaríkum aðgerðarhópum ögrandi kvenna sem gefast ekki upp í baráttunni fyrir réttlátara samfélagi til handa konum. Þær krefjast samfélags þar sem kynbundið ofbeldi er ekki lengur látið óátalið og að þeir sem beita konur ofbeldi njóta ekki þeirrar friðhelgi (s. *impunidad*) sem samstaða karlveldisins hefur tryggt þeim um aldir.⁸³

Þessar ungu konur njóta stuðnings kvenna af kynslóð mæðra þeirra, kvennanna sem söfnuðust saman á þessu sama torgi, Ítalíu-torginu (s. *Plaza Italia*), til að mótmæla ofbeldinu sem herforingjastjórn Pinochet beitti þær síendurtekið á árum áður. Og þessir aðgerðarsinnar láta fátt stoppa sig. Úr þeirra röðum er sprottinn söngtextinn um „nauðgarann á vegi þínum“ (s. „Un violador en tu camino“) sem fór eins og eldur í sinu um heimsbyggðina fyrir rúmu ári.⁸⁴ Í textanum er vísað til þess að konur séu hvergi óhultar og aldrei öruggar. Skrímslið sem þar er gert að umtalsefni birtist í líki nauðgara sem gæti verið forseti, fylkisstjóri, dómari, lögregla eða jafnvel fjölskyldu-vinur.⁸⁵ Ógnin sem konur búi við fyrir það eitt að fæðast í kvenlíkama fylgi

⁸² Sjá https://www.instagram.com/yeguada_latinoamericana/.

⁸³ Fernando M. Mariño Menéndez, Amparo Alcoceba Gallego og Florbel Quispe Remón, *Feminicidio. el fin de la impunidad*. Valencia: Tirant lo Blanch, 2013, sem staðfesta að efnið er ekki nýtt af nálinni. Sjá einnig afhjúpanni skýrslu um ástand mála í Mexíkó, „Impunidad en homicidio doloso y feminicidio en México: Reporte 2020“, Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.impunidadcero.org/uploads/app/articulo/142/contenido/1605024010E66.pdf> og viðtal Carmelu Torres við Cheril Linett, stofnfélaga Hryssanna, „Performance. Chile: Yeguada Latinoamericana en ‘Estado de Rebelión’“. Sótt 28. ágúst 2022 af <https://www.laizquierdadiario.com/Yeguada-Latinoamericana-en-Estado-de-Rebelion>, auk dæma af viðburðum þeirra á <https://www.instagram.com/explore/tags/yeguadalatinoamericana/>.

⁸⁴ Sjá „Un violador en tu camino“ á <https://www.youtube.com/watch?v=mjhGYeKHkQ> og á <https://www.bbc.com/mundo/noticias-america-latina-50690475>. Sótt þann 28. ágúst 2022 Sjá einnig umfjöllun höfundar í pistli á *Hugrás* 12. mars 2020, „Um samtíma og sögu Rómönsku Ameríku. „Öll erum við ryk““. Sótt 28. ágúst 2022 af <https://hugras.is/2020/03/um-samtima-og-sogu-romonsku-ameriku-oll-erum-vid-ryk/>.

⁸⁵ Eins og talið er upp í frumtextanum. Sjá „Un violador en tu camino“, el himno contra el machismo que recorre el mundo: el baile y la letra completa“, sótt þann 28. ágúst 2022.

þeim frá vöggu til grafar. Og fyrir ungu konurnar í síleska aðgerðarhópnum Tilgáta (s. *Tesis*), hugmyndasmiði uppákomunnar um nauðgarana, var komið nóg. Þær sátu ekki lengur undir síendurteknu áreiti og ofbeldi gagnvart konum og refsileysi karla. Þær gripu til sinna ráða, voru þrautseigar og þær þorðu. Í samstöðunni fólst kraftur og þeim óx ásmegin. Að tilheyra fjöldahreyfingu valdefldi þessar konur. Þær hlógu, sungu, gerðu að gamni sínu, héldust í hendur og fóru um í hópum. Alda mótmæla stóð yfir í Síle í marga mánuði og virk þátttaka kvenna var áberandi og vakti athygli. Takmarkanir og lokanir vegna Covid settu þó strik í reikninginn. Fjárhagsvandi fólks óx og virkaði sem olía á eldinn. Kröfugerðin var margþætt.⁸⁶ Nýrrar stjórnarskrár var krafist, leiðréttinga á launakjörum, hækkun ellilífeyris, réttlætis til handa konum og frumbyggjum, aðgerða í umhverfismálum og fleira. Óróinn var mikill og miðbær stærstu borga Síle urðu átakasvæði. Það var svo um mitt ár 2021 að samtakamátturinn skilaði árangri. Samþykkt var að ráðast í gerð nýrrar stjórnarskrár og 155 fulltrúar voru kosnir til að sinna því verki.⁸⁷ Elisa Loncón, málvísindakona og kennari úr röðum Mapuche indíána og feminískur aðgerðarsinni, var sett yfir ferlið en síðar tók faraldursfræðingurinn María Elísa Quinteros við því hlutverki.⁸⁸ Kosningar fóru svo fram þann 19. desember 2021 og Gabriel Boric, 36 ára gamall fulltrúi flokkabandalags á vinstri væng stjórnmálanna, var kjörinn forseti.⁸⁹ Í byrjun árs 2022 tilkynnti hann svo skipan ríkisstjórnar sinnar og í fyrsta skipti í sögu Síle skipa konur meirihluta.⁹⁰ Væntingarnar eru miklar og vonandi tekst nýjum valdhöfum að lægja öldurnar og leiðrétta misskiptingu auðs og valda í landinu.

⁸⁶ Mauricio Morales Quiroga, „Chile’s perfect storm. Social upheaval, COVID-19 and the constitutional referendum“, *Contemporary Social Science*, 16: 5/2021, bls. 556–572.

⁸⁷ Núgildandi stjórnarskrá er frá 1980, það er valdatíma einræðisherrans Augusto Pinochet (1974–1990). Í hópnum eru 17 fulltrúar hinna ólíku frumbyggjasamfélaga landsins, sjö sæti eru frátekin fyrir Mapuche fólkið, tvö fyrir fólk af Aymara uppruna og síðan eitt fyrir átta aðrar fámennar en skilgreindar þjóðir. Sjá til dæmis Carolina Pérez Dattari, „Chile: the battle for a transformative new constitution“, *tni*, 2021, án blaðsíðutals. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.tni.org/en/article/chile-the-battle-for-a-transformative-new-constitution>.

⁸⁸ Jennifer M. Pérez Piscopo og Peter M. Siavelis, „Chile’s Constitutional Moment“, *Current History*, 120: 823/2021, bls. 43–49.

⁸⁹ Boric sat á þingi 2014–2018, stundaði nám í lögfræði og tók formlega við völdum 13. mars 2022. Á ferilskrá hans ber hæst virk þátttaka í aðgerðum og mótmælum með stúdentahreyfingum háskólanema og hugmyndavinna fyrir fjöldahreyfingar ungs fólks og aðgerðarsinna á vettvangi umhverfismála.

⁹⁰ 14 konur sitja í 24 ráðherra hópi og þeirra á meðal er Maya Fernandez, nýr varnarmálaráðherra landsins.

Samantekt

Svo öllu sé til haga haldið er vert að geta þess sem áunnist hefur á þeim fimm hundruð árum sem liðin eru frá hernámi Rómönsku-Ameríku. Má þar nefna baráttumál nunnunnar Sor Juana um rétt kvenna til menntunar, rétt til erfða og slita á hjónaböndum, auk félagaréttar og viðurkenningar á rétti þeirra til almennrar þátttöku á atvinnumarkaði. Ekki skal heldur gleyma kosningaréttinum. Fyrir tilstuðlan baráttu sem fólst í því að koma saman í hópum og útfæra tillögur til breytinga á lögum njóta konur í dag almennrar réttarstöðu í samfélaginu og almennra lýðréttinda. Hefðir og venjur eru þó enn víðast hvar bundnar á klafa viðmiða karlveldisins og kennisetningar kirkjunnar.⁹¹ Ríkjandi hugmyndir um karla og konur mótast enn þann dag í dag mjög af „marianista“ og „machista“ viðmiðum.

Eins og rakið var hér að framan hafa í áranna rás sprottið upp öflugar fjöldahreyfingar kvenna og þær ráðið úrslitum um árangur. Konur hafa reynst óþreytandi í baráttunni gegn jaðarsetningu, útskúfun og óréttlæti, þrátt fyrir mótlæti og ágjöf.⁹² Róttækar fræðikonur, verkakonur, rithöfundar, húsmæður og skólastelpur af öllum skólastigum hafa tekið höndum saman við stjórnmalakonur, aðgerðarsinna og mótmælendur. Með kynjagleraugin á nefinu og eigin reynslu að leiðarljósi beina þær spjótum sínum og andófi að ríkjandi skipulagi, viðhorfum og gildum. Um erfiði þeirra vitna fjöldaaðgerðir síðustu ára, mikilvægir áfangasigrar, kvikmyndir, skáldverk og fræðibækur sem hverfast um sögulega og pólitíska stöðu kvenna og uppgang kvennahreyfinga um gervalla álfuna fyrr og nú. Ögrandi raddir þeirra ógna rótgrónu karlveldi og fjöldamorð á konum votta um takmarkaða virðingu fyrir lífhelgi þeirra. Þegar valdataumar feðraveldisins trosna og renna því úr greipum, birtist angistin í öfgafullum viðbrögðum og ofbeldi gegn konum.

⁹¹ Upp úr 1980 fór meira og meira að bera á ýmiss konar evangelískum kirkjum og hvítasunnusöfnuðum, oftast en ekki frá Bandaríkjunum. Sjá José Luis Pérez Guadalupe, *Evangelicals and Political Power in Latin America*, þýð. Judy Butler, Lima, Perú: Instituto de Estudios Social Cristianos, 2019, hér af bls. 23, 28 og 59–60.

⁹² Árið 2018 varð Claudia Sheinbaum Pardo fyrst kvenna til að gegna starfi borgarstjóra Mexíkóborgar og Patsy Campell Barr fyrsta konan til að gegna starfi varaforseta Kostaríku. Á síðari árum hafa þó nokkrar konur gegnt embætti forseta. Þeirra á meðal eru Michelle Bachelet í Síle (2006–2010 og 2014–2018), Cristina Fernández í Argentínu (2007–2015), Laura Chinchilla í Kostaríku (2010–2014) og Dilma Rousseff í Brasilíu (2011–2016). Lucy Grinnell, „Taking Stock. A Hundred Years After Women’s Suffrage in Latin America“, sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://nacla.org/news/2019/03/27/taking-stock-hundred-years-after-women%E2%80%99s-suffrage-latin-america>. Þann 27. janúar 2022 var Xiomara Castro svo kjörin forseti Hondúras.

Ög þótt skrif Irmu Erlingsdóttur um „uppgjör á umbyltingartímum“ beinist ekki beint að umræddri álfu má auðveldlega heimfæra niðurstöður hennar um áhrif *Me-too* hreyfingarinnar þangað. Hún bendir meðal annars á að: „Þögnin ræður ekki lengur ferðinni heldur rétturinn til að segja frá, bera vitni og ljóstra upp leyndarmáli.“ [...] „Markmið [hreyfingarinnar] var samfélagsleg viðurkenning á því að kynferðisofbeldi er kerfislægur vandi“.⁹³

Athyglisvert verður að fylgjast með því hvernig kvennahreyfingar og aðgerðarsinnar Rómönsku-Ameríku ná aftur vopnum sínum, nú þegar samkomu- og útgöngubönnum, sem sett voru vegna Covid faraldursins, er aflétt. Þær eru komnar af stað. Raddir þeirra hljóma hátt og af einurð og áráði halda þær ótrauðar áfram baráttunni fyrir jafnrétti og viðurkenningu á umráðarétti kvenna yfir eigin lífi og líkama. Um það vitna störf nýrrar ríkisstjórnar í Síle þar sem konur eru í meirihluta og orð nýkjörins varaforseta Kólumbíu, kvenfrelsiskonunnar Francíu Marquez, sem sagði það verða sitt fyrsta verk að auka aðgengi fátækra íbúa landsins, ekki hvað síst kvenna, að gögnum og gæðum samfélagsins, sérstaklega að menntun, m.a. á háskólastigi.⁹⁴ Slagorð hennar í kosningabaráttunni „Ég er af því að við erum“ (s. *Soy porque somos*) má skilja og túlka sem tákmynd hugmyndarinnar um að hver og ein kona áorkar ef til vill ekki miklu en fjöldahreyfingar þeirra brjóta hvert blaðið á fætur öðru. Að auki má skilja framgang hennar, ungrar alþýðukonu af afrískum uppruna, til æðstu metorða á vettvangi stjórnmalanna í einu íhaldssamasta landi álfunnar sem tákmynd um aukið sjálfstraust kvenna í baráttu sinni fyrir viðurkenningu, virðingu, áhrifum og völdum.

⁹³ Irma Erlingsdóttir, „Inngangur. Uppgjör á umbyltingartímum“, *Fléttur V*, Háskólaútgáfan, 2020, bls. 11–32, hér af bls. 11 og 19. Hér af bls. 19.

⁹⁴ Úr viðtali við Francíu Marquez á kosninganótt þann 19. júní 2022. Sótt af <https://www.rtv.gov.co/>. Sjá einnig ávarp hennar „Primer discurso de Francia Márquez como vicepresidenta de Colombia“. Sótt þann 28. ágúst 2022 af <https://www.youtube.com/watch?v=yhmtEffeY7s>. Þar segir hún nauðsynlegt að uppræta yfirráð feðraveldisins í Kólumbíu.

ÚTDRÁTTUR

Þrautseigar og þora!

Áhrif kvennabaráttu í Rómönsku-Ameríku

Í greininni sem hér fylgir er sjónum beint að þeim aðstæðum sem beið kvenna í kjölfar hernáms Evrópumanna á Rómönsku-Ameríku. Sérstaklega er fjallað um réttindabaráttu þeirra í kjölfar sjálfstæðis landanna við upphaf 19. aldar og svo aftur á fyrstu árum 21. aldar. Samtakamáttur fjöldahreyfinga kvenna skiptir þar máli og mótar baráttu þeirra fyrir auknum borgararéttindum, umráðarétti yfir eigin líkama og ákvörðunarvaldi um eigin velferð. Sérstaklega er vikið að áhrifum kennisetninga kaþólsku kirkjunnar hvað hlutverk karla og kvenna varðar því enn þann dag í dag er álfan talin sú heimsálfa þar sem feðra- og karlveldið situr hvað fastast fyrir. En dropinn holar steininn og færð eru rök fyrir því að breytingar hafi átt sér stað og að baráttan þoki málum til betri vegar þótt í hænufetum sé.

Lykilorð: Rómanska-Ameríka, fjöldahreyfingar, kvennabarátta, lýðréttindi

ABSTRACT

Persistence and pride!

Impact of Women's Struggles in Latin America

The following article centres on the situation that awaited women in the wake of the European occupation of Latin America. Special attention is paid to their attempts to mould their social standing following independence and then again at the beginning of the 21st century. The impact of women's mass movements is emphasised as important, as well as its shaping of their struggle for civil rights and decision-making regarding personal well-being. Particular attention is paid to the omnipresence of religious doctrines influencing supposed roles for men and women, as the continent has proven to be the region where patriarchy still sits the tightest. Nevertheless, change is in the air and women's struggles and sacrifices are modifying value systems and societies even if in modest measures.

Keywords: Latin America, social movements, women's struggles, civic rights

HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR, PH.D.

Prófessor í spænsku

Mála- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

holmfr@hi.is